

Icelandic Glacier Charr ehf
Depluhólar
111 Reykjavík

Egilsstaðir, 8.1.2025
UST202401-279/F.Æ.
08.12.02

Efni: Fyrirvaralaust eftirlit þann 7. nóvember 2024– Icelandic Glacier Charr ehf., Ytri-Tungu, ID 275

Þann 7. nóvember sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit í fiskeldisstöð, Icelandic Glacier Charr ehf., Ytri Tungu. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðili skal sjá til þess að spilliefni, ef einhver slík eru í stöðinni, fái viðeigandi meðhöndlun.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018. Eftirlitsaðili fékk ekki þá aðstoð sem hann skal fá til að framkvæma eftirlit.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29. janúar 2025.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur